

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd ræddi þetta frumvarp. Allir nefndarmenn eru sammála um, að hækka verði bæt看 almannatrygginganna. Hins vegar greinir nefndarmenn á um það, hve sú hækkun skuli vera mikil.

Fulltrúar stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar halda því fram, að sú 15% hækkun bótanna, sem frumvarpið felur í sér, sé fullnægjandi, eins og sakir standa, og leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Við undirritaðir, fulltrúar Framsóknarflokksins, lítum aftur á móti svo á, að af völdum margháttaðra ríkisvaldsráðstafana og mistaka í stjórnarfari sé dýrtíð orðin svo mikil, að ranglátt sé að hækka bæt看 almannatrygginganna minna en um 25%.

Í athugasemdunum með frumvarpinu segir: „Lagt er til í 1. gr., að bæturnar verði hækkaðar um 15% frá 1. júlí s. l., en það lætur nærri, að bótaþegar fái þá hlutfallslega sömu hækkun á árinu eins og almennir launþegar hljóta.“

Þetta er ekki rétt viðmiðun. Hún er of þröng. Ef leiðrétta á halla þann, er hinn almenni bótaþegi hefur orðið fyrir vegna dýrtíðarinnar, svo að hann standi líkt að vígi og hann áður stóð, verður að hækka bæturnar meira. Bæturnar mæta aðeins hluta af framfærslukostnaði hans. Hinn hlutinn, sem bótaþeginn verður á annan hátt að standa straum af, hefur ekki síður færzt í aukana af völdum dýrtíðarinnar. Gamla fólkíð, er lifir t. d. að þessu leyti af innstæðum, sem það hefur aurað saman til elliáranna, verður fyrir því, að innstæðurnar endast verr, af því að dýrtíðin gleypir þær. Á þetta ber ófrávikjanlega að líta, þegar gera skal breytingar á bótum almannatrygginganna, til þess að bótaþegar hafi ekki versnandi afkomuskilyrði.

Það er alls ekki nóg, þegar um venjulegan bótaþega er að ræða, að miða bóta-hækkun einfaldlega við almennar kaupbreytingar, sem gerðar eru til mótvægis dýrtíð, heldur verður einnig að taka tillit til dýrtíðarvaxtarins á öllum lífskostnaði bótaþegans.

Augljóst er, þegar á þetta er litið, að ekki er of langt gengið með því að hækka nú bótagreiðslur almannatrygginganna frá 1. júlí s. l. um 25%, eða 10% meira en frumvarpið gerir ráð fyrir að þurfi til samræmis við kauphækkanir, sem almennir launþegar hafa hlotið á þessum tíma.

Við flytjum þess vegna á sérstöku þingskjali breytingartillögu um, að bóta-hækkunin verði 25% í stað 15%.

Enginn vafi er á því, að tekjuafgangur ríkissjóðs verður svo mikill á þessu ári, að hann þolir vel þá hækkun. Háþróaðar dýrtíðarálögur á almenning til ríkissjóðsins á árinu tryggja það.

Nú standa yfir — svo sem öllum er kunnugt — samningatilaunir um hækkun launa almennra launþega til frekari leiðréttingar á kjörum þeirra en þær leiðréttingar eru, sem frumvarp þetta miðar við. Það skal fram tekið, að tillaga okkar um, að hækkun á bótum almannatrygginganna verði nú ákveðin aðeins 25%, byggist á því, að staðið verði við það, sem segir í athugasemdum með frumvarpinu, að ef launahækkanir verða, — og hjá því getur ekki farið, — þá verði bótagreiðslurnar endurskoðaðar á ný, strax og launahækkanirnar liggja fyrir.

Alþingi, 5. des. 1963.

Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.